

Fundargerð faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi

11. fundur faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi, haldinn þriðjudaginn 29. október 2019 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 9:00.

Mætt: Eiríkur Steinn Búason, Krístrún Hafliðadóttir, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Torfi G. Sigurðsson og Sigurður Gunnarsson frá Mannvit, Ásta B. Malmquist frá ASK arkitektum, Hermann Ólafsson, Óðinn K. Andersen, Gunnar E. Sigurbjörnsson og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð. Tómas Ellert Tómasson og Júlíana Tyrfingsdóttir boðuðu forföll.

- 1) Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
- 2) Skipulagsmálin. Þau voru tekin fyrir á fundi í gær. Þar var lagt til að tillagan yrði samþykkt og send til skipulagsstofnunar. Umræða um hið stjórnsýslulega afgreiðsluferli.
- 3) Jarðvinnuútbóðið hefur verið auglýst. 18-19 aðilar hafa óskað eftir gögnum.
- 4) Dagsetningar m.t.t. aðalútboðs. Allt ætti að vera klárt eftir u.þ.b. tvær vikur.
- 5) Umræða um mögulega opnun á leikskólanum 2021 og lóðaframkvæmdir. Ljóst er að einhver seinkun verður miðað við fyrstu tímaáætlun þar sem horft var á 5. janúar 2021.
- 6) Litið á lóðateikningar. Gert er ráð fyrir að sandkassinn verði vatnsviðtaki frá malbikaða planinu fyrir framan húsið sem verður upphitaður. Kynning á niðurföllum á bílastæði og hæðarlínum. Kynning á skjólgirðingum og efnisvali. Plexíglérið gengur ekki þar sem það er of dýrt, þ.e. sú þykkt sem þarf til. Hermann kynnti m.a. hugmynd um litskrúðuga drumbagirðingu milli leiksvæða. Hjóla- og vagnaskýli verður við yngri deildina. Kynninga á skýli með eldstæði. Gert er ráð fyrir svipuðum leiktækjum og í Hveragerði.
- 7) Kynning á teikningum fyrir lýsingu á lóð og fyrir staðsetningu á myndavélum, talið nóg að hafa 5 vélar. Umræða um ljósdreifingu og ljósastryringu á lóðinni á nóttinni.
- 8) Farið í aðgangsstýringar í húsinu. Loka þarf búi. Bæta þarf segli við ganghurðirnar. Þælingar um rofa v/opnunar á útihurð fyrir fatlaða.
- 9) Upplýsingaskjáiir. Farið yfir staðsetningar o.fl.
- 10) Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 12. nóvember kl. 9:00.

Fundi slitið kl. 10:35